

Nefndarálit fjárlaganefndar Landspings LH 2024

Lárus Sindri Lárusson formaður

Hulda Finnsdóttir, Marta Gunnarsdóttir, Lárus Jóhann Guðmundsson, Ólafur Gunnarsson, Hákon Leifsson, Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, Þórunn Helga Sigurðardóttir, Pálmi Guðmundsson, Ólafía Guðrún Bragadóttir, Marínó Hákon, Þóra Brynjarsdóttir.

1. Ársreikningur 2023 og 2022 og árshlutareikningur 2024

Umræða varð um hversu seint reikningarnir voru lagðir fram. Mælt er til að þeir verði lagðir fram með sama fyrirvara og önnur þingskjöl.

Umræða varð um kostnað knapa við að taka þátt á HM. Bæta þarf samráð við knapa og taka samtal um hvaða umgjörð þeir vilja og hvað hún muni kosta. Mikilvægt að stoppa þessa umræðu svo hún vindi ekki meira upp á sig.

Skorað er á Landsliðsnefnd að tilnefna fulltrúa knapa í nefndinni.

Fjárhagsnefnd leggur til að reikningarnir verði samþykktir.

2. Fjárhagsáætlun kynnt.

3. Tillaga á þingskjali 24

64. Landsping Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að árgjald frá aðildarfélögum LH til sambandsins verði kr. 2.300,- á hvern gjaldskyldan félag, en félagar á aldrinum 18-69 ára greiða árgjald til LH.

Fjárhagsnefnd mælir með að tillagan verði samþykkt.

4. Tillaga á þingskjali 28

Tillaga

64. Landsping Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir aukið fjármagn í sportfeng til að vinna á þeim langa verkefnalista um umbætur og verkefni sem hafa setið á hakanum undanfarin ár.

Álit fjárhagsnefndar:

Fjárhagsnefnd tekur undir sjónarmið flytjenda tillögunnar að úrbóta sé þörf varðandi Sportfeng en leggur til að tillaga um aukið fjármagn verði felld því ekki liggur fyrir hver fjárþörfin er.

Fjárhagsnefnd leggur til að farið verði í stefnumótunarvinnu um framtíðarfyrirkomulag og þróun Sportfengs áður en aukið fjármagn veður sett í forritið. Nefndin skorar á stjórn LH að þeirri vinnu verði hraðað eins og kostur er.

5. Tillaga á þingskjali 29

Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að stjórn stofni og setji reglur fyrir jöfnunarsjóð þar sem hestamannafélög geti sótt í vegna kostnaðar á fræðslu, námskeiðum og mótahaldi.

Álit fjárhagsnefndar:

Fjárhagsnefnd tekur undir sjónarmið flytjenda tillögunnar að þörf sé á jöfnunarsjóði vegna kostnaðar við fræðslu, námskeið og mótahald.

Lagt er til að tillögunni **verði vísað til stjórnar LH**. Stjórn falið að greina hver þörfin er hjá félögunum, og unnin verði haldbær reglugerð og skýr rammi um jöfnunarsjóð sem verði grunnur að ákvörðun um fjármögnun verkefnisins.

Niðurstaða verði kynnt á formannafundi 2025.